

12. gr.

Gildistaka.

1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sbr. 47., 48. og 49 gr. sömu laga. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

AUGLÝSING

um skrá St. Franciskusspítala Stykkishólmi, skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Eftirtalin störf/starfsemi skuli í vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:

Hjúkrunarforstjóri.

Hjúkrunarfræðingar, aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi þannig: Einn hjúkrunarfræðingur á vakt yfir allri stofnuninni á næturvöktum. Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum. Á næturvöktum ein ljósmóðir (F.Í.H.) á vakt.

Ljósmóðir (Ljósmæðrafélag Íslands) (0.5).

Einn sjúkraliði á hverri vakt (morgun-, kvöld- og næturvakt).

Læknar (2).

Læknaritarar (0.5).

Matráðskona (1).

Forstöðukona í þv.h. (1).

Símavarsla (1).

Umsjónarmaður (0.5).

Launafalltrúi (0.8).

Framkvæmdastjóri.

Eftirfarandi störf/starfsemi séu eins og á stórhátíðum:

Endurhæfing.

Rannsóknarstofa.

Röntgen.

Skurðstofa.

Sóthreinsun.

Stykkishólmi, 25. janúar 1995.

Róbert Jörgensen framkvæmdastjóri.